

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 05.11.2015
Tilv. 2015/0779 - 0.0.01
MS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 156. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 22. október 2015, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, 156. mál.

Neytendastofa fagnar því að skýrari reglur er varða notkun þjóðfánans séu settar og heimild til notkunar hans í tilteknum tilvikum. Á grundvelli laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu berast Neytendastofu reglulega ábendingar eða kvartanir vegna villandi merkinga á vörum þar sem m.a. með þjóðfánanum eða tilvísun til hans sé með villandi hætti gefið til kynna að um íslenska vöru eða íslenska framleiðslu sé að ræða, þegar svo er ekki. Neytendastofa hefur tekið ákvarðanir í slíkum málum á grundvelli áðurgreindra laga. Þrátt fyrir að stofnunin hafi á grundvelli matskenndra ákvæða áðurnefndra laga tekið ákvarðanir um villandi merkingar að því er notkun þjóðfánans varðar þá telur hún til bóta, bæði fyrir aðila á markað og eftirlitið, að reglurnar séu skýrari. Þannig geta aðilar sem ætla að nota þjóðfánann til kynningar á vörum sínum kynnt sér í hvaða tilvikum það sé heimilt auk þess sem ætla má að virkt eftirlit sé með notkuninni verði skilvirkara.

Í 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins kemur fram að ráðherra sem fer með málefni neytendamála sé heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um skilyrði fyrir notkun fánans samkvæmt ákvæðinu. Neytendastofa telur eðlilegra að stofnuninni sjálfri sé gefin heimild til að gefa út reglur sé talin þörf á því. Byggir það meðal annars á því að á vegum innanríkisráðuneytisins er starfandi nefnd um upprunamerkingar á neytendavörum. Samkvæmt verkefnisáætlun er verkefnismarkmið nefndarinnar að gera tillögu til ráðherra um hvernig bregðast megi við notkun aðila á markaði á upprunamerkingum sem benda til að um íslenska vöru sé að ræða þegar svo sé ekki. Nefndin hefur ekki skilað tillögum en unnið er út frá því að gerðar verði þær breytingar á ákvæðum áðurnefndra laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, að Neytendastofu verði falin heimild til að setja nánari reglur er snúa að upprunamerkingum. Slíkar reglur yrðu nátengdar efni frumvarpsins sem hér er til umræðu og því eðlilegt að nánari útfærslur á framkvæmd laganna sé á höndum sama aðila í þessu tilviki Neytendastofu til að gæta samræmis.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri